

24
31sta
október.

Nefnd þessi skal, auk þess sem hér að framan er talið til starfa hennar, á ári hverju semja áætlun um útgjöld til brunamála á næsta ári, og leggja fyrir bæjarstjórnina, og verja því fé, sem veitt er, á haganlegastan hátt, sjá um, að allt það, sem slökkviliðið snertir, sé í sem bestri reglu, og hafa eptirlit með, að allir gegni skyldu sinni, og hegni verði fyrir alla óhlyðni, vanrækt og aðrar yfirsjónir í þeim efnum, er að brunamálum lúta. Þá er bæjarstjórn Reykjavíkrkaupstaðar 15. október 1874.

L. E. Sveinbjörnsson. Einar Þórðarson. H. Kr. Friðriksson. Ó. Finsen. J. Steffensen. Magnús Stephensen. Jóh. Ólsen. G. Þórðarson.

Samkvæmt 9. grein í tilskipun um ábyrgð fyrir eldsvoða frá 14. febrúar p. á. árið staðfestist framanritað frumvarp með breytingum þeim, er nú skal telja, sem reglugjörðin um slökkvilið Reykjavíkrkaupstaðar.

Fyrsta grein reglugjörðarinnar orðist þannig: „Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, að undanskildum konunglegum eðmi bættismönnum og bæjarstjórum, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði bæjarins frá því þeir eru 18 vetra, uns þeim eru fimmtugir, nema sjúkaleikr hamli.“

Þegar eldsvoði kemr þupp skulu allir verkfærir karlmenns fundæmi kaupstaðarins vera skyldir að koma til brunans og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóranum eða aðstoðarmönnum hans.

Í fjórðu grein breytist öðrum málslíði á þenna veggna: „Hann ritar skrá yfir alla þá bæjarbúa, sem tekuir verða til slökkviliðsþjónustu, en eldsvoðanefndin heild sýni ákveðin samkvæmt 1. stú. grein reglugjörðarinnar, hverjir þessir eigi að vera.“ Skrá þessa á að leiðrétta um hvert nýár, og skal bæjarstjórninni sent eptirlit af henni.

3. Hinum síðasta málslíði í *elleftu* grein skal slept úr, og í stað hans skipist svo fyrir: „Þar að auki er það skylda nætrvæðanna undir eins og þeim verða varir eldsuppkomu að vekja þá, sem eru í húsi því, er eldrinn er uppi í, að hefja brunakall til að vekja sem flesta slökkviliða, og að skýra sem fyrst lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra frá eldsvoðanum. Nákvæmari reglur um þessar skyldur nætrvæðanna sem lögreglustjórnin.“

Um slökkvitól þau, sem kaupstaðrinn á að hafa til og viðhalda, ber bæjarstjórninni að semja viðbæti við þessa reglugjörð og skal leggja innan 31. desbr p. á. frumvarp til slíks viðbætis undir samþykki landshöfðingja.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 31. dag októbrmáni 1874.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Bréf landshöfðingjans (til biskupsins).

25
6ta
nóvbr.

Í bréfi frá 31. f. m. hafið þér háeruverðugi herra spurt, hvort ekki mundi óhætt nú, þegar húsinn í Reykjavíkrkaupstað er trygð gegn eldsvoða í hinu almenna brunabótafélagi kaupstaðanna í Danmörku, að lána út fé af hinum opinberu sjóðum, sem eru undir umsjón yðar eða stiptsýrvaldanna, gegn veði í slíkum húsum, og þá í hverju hlutfalli upphæð lánsins skuli standa við þá upphæð, er veðið er trygt fyrir.

Út af þessu skal yðr hér með þjónustusamlega tjáð, að eg álit það óhætt að lána út fé opinberra stofnana gegn fyrsta veðrétti kaupstaðarhúsum, sem eru trygð gegn eldsvoða á ofan nefndan hátt, og þegar um slíkt lán er að ræða, að eg gæta hinnar almennu reglu í opnu bréfi 10. apríl 1795 2. gr. um, að upphæð lánsins megi ekki fara fram úr

þá þörlum virðingarverðsins, og á veðið sjálfsgætt að minsta kosti að vera trygt fyrir allt virðingarverðið, en hins vegar verður að virða viðkomandi hús eptir því, sem það er ætlað að geta gengið í kaupum og solum; og má ekki ákveða verð hússins eptir því, sem kostað hefir verið til að bygga það, eður eptir því, sem það er trygt fyrir gegn eldsvoða.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suður- og vestrumdæminu).

Eptir að sýslumaðrinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu að tilfælingum sveitarstjórnarinnar í Kjálarneshrepp hafði leitt athygli amtsins að því, að fátækraftund hafði aldrei verið goldin til nefnds hrepps af þjóðeigninni Lundey, og heiðst þess, að amtið hlutadist til um, að slík fund yrði framvegis greidd hreppnum, hefir herra amtmadrinn í þóknunlegu bréfi 2. þ. m. látið í ljósi, að yður ekki kunnar neinar sérstakar ástæður, er geti undanþegið nefnda jörð frá þessu gjaldi, sem annars sé greitt af þjóðeignum, eins og öðrum jörðum á landinu, þó það kynni að mega álitast vafasamt, hvort það tilundarfrælsi, sem jörð þessi tjáist að hafa verið aðnjótandi í ómunatíð, sé ekki búið að vinna slíka hefð, að jörðin nú ekki geti orðið svipt því. Yður þykir því geta verið ástæða til að neita greiðslu fátækraftundar af nefndri jörðu, en láta dómstólana skera úr málinu, ef hreppurinn vill halda áfram kröfu sinni. Af þessu tilefni skal eg jafnframt því að geta þess, að ekki sé skylt að greiða fátækraftund af öllum þjóðjörðum, samb. bréf dómstólastjórnarinnar 21. febrúar 1870 og 31. október 1871 — og að fundur þar sem hún er goldin, muní vanalega greidd af ábúðundum — hér með þjónustusamlega tjá yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum, að ástæða virðist ekki vera til að greiða fátækraftund af tekjum landssjóðsins af Lundey, nema því að eins, að dómstólarnir, sem eptir eðli málsins eiga úr því að skera, dæmi þessa skylda á eyju.

Bréf landshöfðingjans (til lögreglustjórans í Reykjavík).

Með þessu bréfi er meðal annars skipað fyrir, að fangahaldið bæði í hegningarhúsinu í Reykjavík og í fangelsi því, sem með því er sameinað, skuli fram fara fyrst um sinn á kostnað landssjóðsins, og að þessi kostnaður skuli að því, er snertir fangelsið samkvæmt 6. grein tilsk. 4. marz 1871 endrgoldinn úr jafnaðarsjóði hlutadeigandi amts eður úr bæjar-sjóði Reykjavíkr með þessum upphæðum, sem dómstólastjórnin hefir tiltekið í bréfi 28. febrúar þ. á.:

24 sk. daglega fyrir hvern fanga, er hefir venjulegt fangaviðræri; en

12 — — — — —, er sitr við vatn og braud.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norður og austrumdæminu).

Með bréfi frá 28. septbr. þ. á. meðtók eg ummæli herra amtmannsins um erindi Sigurðar Sigurðssonar á Flatnefsstöðum í Húnavatnssýslu, þar sem hann skýr úrskurði yður frá 26. septbr. þ. á. til úrlausnar landshöfðingjans, en þessi úrskurður segir hann skyldan fram að færa dótturbarn sitt Ólöfu Jóhannsdóttur að svo miklu leyti, sem foreldrar barnsins ekki séu þess um komnir, og að endrgjalda Kirkjuhvammshreppi kostnað þann, sem leitt hafi af og framvegis muni leiða af framfærslu þess. Skal því tjáð yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum það, er nú segir:

Barn það, sem getið var um, er eptir því, sem fram hefir komið í málinu, óskilgetin dóttir skilgetinnar dóttur kærandsins. Móðir barnsins hefir gefið með því að öllu leyti, þangað til það var 2 ára, og síðan hefir hún lagt með því 2 vættir árlega eður þriðjung fullrar með-

25
6ta
nóvbr.

26
6ta
nóvbr.

27
6ta
nóvbr.

28
6ta
nóvbr.

29
7da
nóvbr.